

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 468/2013, um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðist svo:
Sé afla sleppt í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar eða annarra reglna skal skrá í rafræna afladagbók eða snjalltækjaforrit tegund og áætlað magn í kílóum sem sleppt var.

2. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. sem orðist svo:
Heimilt er að sleppa lífvænlegum hlýra.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. desember 2020.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.